

## „ ... þú ert af Guði sendur“

### Trúarleg stef í textum sönglaga Sigvalda Kaldalóns

- 14 En Sión segir: „Drottinn hefur yfirgefið mig,  
Guð hefur gleymt mér.“
- 15 *Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu  
að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu?*  
Og þó að þær gætu gleymt  
þá gleymi ég þér samt ekki.

Þessi orð úr Jesajaritinu (49.14–15) eru að líkindum töluð til útlaga frá Júda sem staddir voru fjarri ættjörð sinni, sennilega um 540 f. Kr., fjarri Jerúsalem, borginni sinni helgu og kæru.<sup>1</sup> Musterið þar hafði verið lagt í rúst 586 f. Kr. og þar með allt það helgihald sem þar var stundað, með tónlist, söng og fjölmörgum helgisíðum. Drjúgur hluti íbúanna hafði verið fluttur í útlegð til fjarlægs lands heimsveldis Babýlons.

Við slíkar aðstæður er mikilvægt og gott að fram komi menn sem telja kjark í landa sína, boði þeim von og geri þeim lífið bærilegra í útleigðinni. Það gerði spámaður sá sem talar í k. 40–55 í Jesajaritinu og nefndur hefur verið huggunarspámaðurinn og stundum fagnaðarboðinn í Gamla testamentinu. Hann boðaði á áhrifamikinn hátt að Guð hefði ekki yfirgefið útlagana, það væri jafnvel ósennilegra en að kona gleymdi brjóstbarni sínu.

Þessa biblíulegu tilvísun og umræðu hér í upphafi ber ekki að taka sem vísbendingu um að babýlónska herleiðingin sé meginefni þessarar greinar. Sú er alls ekki raunin, en með vísun til þessa atburðar er ætlunin að beina sjónum að trúarlegum dráttum í textum við sönglög Sigvalda Kaldalóns sem og trúarlegu uppeldi hans. Um leið má minnast þess að sjálfur dvaldist Sigvaldi stærstan hluta ævi sinnar fjarri heimahögum sínum í Reykjavík þó að ekki væri um þvingaða útlegð að ræða. Textinn sem hér var vísað til kemur við sögu í samskiptum trúaðrar móður og sonar, eins og nánar verður greint frá og má tengja hann við að trúarlegt uppeldi hefur gegnt umtalsverðu hlutverki í uppvesti Sigvalda.

### Markmið og rannsóknarspurning

Í þessari ritgerð verður fjallað um líf og ævistarf læknisins og tónskáldsins Sigvalda S. Kaldalóns (1881–1946) í því skyni að varpa ljósi á það umhverfi og þær aðstæður sem tónlist hans er sprottin upp úr. Sérstakur gaumur verður gefinn að textum sönglaga hans, einkum þar sem trúarlegt orðalag kemur við sögu. Rannsóknarspurningu

<sup>1</sup> Rainer Albertz, *Israel in Exile: The History and Literature of the Sixth Century B.C.E.*, Atlanta: Society of Biblical Literature, 2003. Þetta rit nýtur virðingar í fræðaheiminum sem grundvallarrit um babýlónsku útlegðina í sögu Ísraels.

Þessarar ritgerðar má draga saman þannig: Hvað segja textar sönglaga tónskáldsins Sigvalda S. Kaldalóns um trú hans og hvernig má tengja þá lífi hans og starfi? Hvert er megineinkenni trúar hans eins og hún birtist í textum sönglaga hans?

Það var þó ekki svo að Sigvaldi semdi sjálfur textana við sönglög sín. Hér er hins vegar gengið út frá að textarnir sem hann samdi við hafi yfirleitt haft eitthvað það til að bera sem höfðaði til hans. Sagt hefur verið að lög Sigvalda búi „yfir stemmningu sem höfundurinn upplifir er hann finnur hjá sér þörf til að tónklæða texta.“<sup>2</sup>

## Æska og námsár

Til er í fórum niðja Sigvalda póstkort frá Sesselju Sigvaldadóttur (1858–1947) stílað á Sigvalda, son hennar, Kaldalóns. Sesselja var trúuð kona, ljósmóðir að mennt sem starfaði lengi með Hjálpræðishernum í Reykjavík. Hún kunni sína Biblíu og á umræddu póstkorti standa aðeins þessi orð: „Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu?“ þ.e. orðin úr Jesajaritinu (49.15) sem vísað var til hér að framan. Ekkert annað stendur á kortinu nema nafn móttakanda, þ.e. Sigvalda.

Sesselja treystir því að Sigvaldi sonur hennar þekki orðin og að sjálfsögðu hefur hann skilið þau, svo náíð sem samband þeirra var alla tíð. Hún var að tjá honum með biblíulegu orðalagi að það mætti hann vita að hún gleymdi honum aldrei, brjóstbarni sínu. Um það þurfti ekki að orðlengja. Sesselja var tónelsk kona og bænrekin. Snemma bar á því að hún var næm fyrir helgi og tilbeiðslu. Halldóra, móðir hennar, var einnig bráðgáfuð og guðhrædd kona, sem vildi láta gott af sér leiða. Ýtti hún undir tilbeiðsluþörf dóttur sinnar.<sup>3</sup>

Því hefur verið slegið föstu að Sesselja hafi verið einn af helstu burðarásum Hjálpræðishersins í Reykjavík fyrstu árin eftir að þessi trúarhreyfing hóf störf hér á landi árið 1895. Hún fékk fljótt titilinn sergeant-major. Það þýddi að hún var „staðbundinn leiðtogi hermanna í Reykjavíkurflokki án þess þó að hún væri foringi.“<sup>4</sup>

Hún og Stefán Egilsson múrari (1845–1931), maður hennar, eignuðust fjóra syni sem komust á legg. Þau hjónin voru samhent um uppeldi sona sinna og studdu þá dyggilega til mennta. Þau voru bæði félagar í Góðtemplarareglunni og hvöttu syni sína til áfengisbindindis og gengu eftir að þeir yrðu félagar í reglunni. Svo mikið er víst að Sigvaldi var alla tíð bindindismaður á vín og reglumaður í hvívetna.

Kunnastur þeirra bræðra varð elsti sonurinn, Sigvaldi, læknir og tónskáld, en sá yngsti, Eggert Stefánsson (1890–1962), varð einnig þjóðkunnur sem rithöfundur en einkum þó söngvari. Hann átti eftir að syngja lög bróður síns um veröld víða og bjó lengst af á Ítalíu.

Í Vaktarabænum, litlu húsi sem enn stendur við Garðastræti 23 í Reykjavík, fæddist Sigvaldi á kaldasta degi frostavetursins 1881, 13. janúar. Þar komst hann þegar í bernsku í snertingu við tónlist. Móðir hans söng oft dönsk lög sem hún hafði lært í ljósmóðurnámi sínu í Kaupmannahöfn og Stefán, maður hennar, þúsundþjalasmiður eins og hann var, lék undir á langspil sem hann hafði sjálfur smíðað. Oft spilaði og söng fjölskyldan saman og barst tónlistin af heimilinu út á götu og kom það fyrir að

<sup>2</sup> Jón Ásgeirsson, Söngvar Sigvalda Kaldalóns, *Svanasöngur á heiði: Söngvasafn Sigvalda Kaldalóns* 1, bæklingur sem fylgdi nýrri útgáfu hljómdiska með einsöngslögum Sigvalda, 2019, bls. 14.

<sup>3</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, Hafnarfirði: Skuggsjá 1971, bls. 22.

<sup>4</sup> Pétur Pétursson, „Fyrstu konurnar í Hjálpræðishernum í Reykjavík“, *Hjálpræðisherinn á Íslandi 100 ára. Herópið. Afmælisblað 1995*, bls. 16–17.

vegfarendur námu staðar til að njóta. Hið trúarlega uppeldi var fremur í höndum móðurinnar, hún bar líka trú sinni vitni í daglegu fari. „Oft er hljótt í húsinu. Þá er mamma að biðjast fyrir,“ skrifaði Eggert, sonur hennar, síðar.

Sigvaldi gekk í Menntaskólann í Reykjavík en þá var tónlistin þegar tekin að sækja á hann og e.t.v. að trufla hann nokkuð frá námi. Í hópi bekkjarbræðra hans var Bjarni Jónsson (1881–1965), síðar dómkirkjuprestur og heiðursborgari Reykjavíkur. Þeir urðu svo nánir vinir að líkja mátti við fóstbræðralag. Sigvaldi sagði einhvern tíma að próflestri þeirra hefði verið þannig háttað að Bjarni las en sjálfur hefði hann spilað og var ekki laust við að bekkjarbræður Sigvalda hefðu á stundum verið með próf-skrekk fyrir hans hönd. En hann stóðst öll próf meðfram tónlistariðkun sinni og þegar Bjarni hélt til náms í Kaupmannahöfn saknaði Sigvaldi hann svo mjög að hann samdi lag til hans og var það fyrsta lag Sigvalda. Halla Eyjólfsdóttir (1866–1937) skáldkona samdi síðar texta við lagið *Æ, hvar er nú blómið blíða*. Eggert Stefánsson mun hafa látið svo um mælt að í þessu lagi hafi verið að finna grunntóninn sem hafi einkennt öll sönglög Sigvalda.<sup>5</sup>

Sigvaldi las læknisfræði að loknu stúdentsprófi. Eftir fyrsta veturinn í Lækna-skólanum sigldi hann til Kaupmannahafnar á „Kristilegan stúdentafund Norðurlanda“, sem haldinn var í Sórey í Danmörku. Í þessari ferð heyrði hann voldugan stúdentakór syngja undir beru lofti í Kaupmannahöfn. Meðal laganna sem kórinn söng var *Fögur er foldin*. Sagði Sigvaldi svo frá að hann hefði orðið svo snortinn er þetta var sungið, að sér hefði fundist eins og himnarnir hefðu opnast og dásemdir streymt yfir sig. Hann grét í stemmningunni.<sup>6</sup>

Að loknu læknisprófi 1908 hér heima sigldi hann síðan til Kaupmannahafnar og var þar við framhaldsnám, m.a. í fæðingarlækningum, og notaði jafnframt tækifærið til að kynna sér tónlistarlífið í borginni. Á spítalanum þar sem hann starfaði og stundaði framhaldsnám kynntist hann konu sinni, danskri hjúkrunarkonu, sem átti eftir að reynast honum mikil hjálparhella í blíðu og stríðu.

Sigvaldi og hin danska hjúkrunarkona Karen Margrete (1882–1958) voru gefin saman í Kaupmannahöfn 16. september 1909. Þau komu til Íslands þrettán dögum síðar og eftir stutta viðdvöl í Reykjavík héldu þau til Hólmavíkur til að leysa af héraðslækninn á staðnum. Að sjálfsögðu voru mikil viðbrigði fyrir Karen Margrete að koma í fámennið og kuldann þar, en hún kvartaði aldrei heldur tók að kenna íslenskum grönnum sínum sitthvað í garðrækt og matargerðarlist.<sup>7</sup> Auk þess gat hún, hjúkrunarkonan, liðsinnt manni sínum margvíslega í starfi hans.

## Árin við Ísafjardardjúp

Um vorið fékk Sigvaldi veitingu fyrir einu erfiðasta læknishéraði landsins, Nauteyrarhéraði í Norður-Ísafjardarsýslu, en þar hafði ekki verið læknir um árabíl, og fluttu þau hjónin að Ármúla um vorið. Þar dvöldust þau til ársins 1921. Þar nutu þau hinnar miklu og einstæðu náttúrufegurðar við Ísafjardardjúpið, eignuðust marga góða vini

<sup>5</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 35.

<sup>6</sup> Sama heimild, bls. 113.

<sup>7</sup> Sama heimild, bls. 65.

og þar öðlaðist Sigvaldi viðurkenningu sem tónskáld þannig að þegar hann hélt þaðan, tæpum ellefu árum síðar, var hann orðinn þjóðkunnur maður.



Mynd 1. *Börnin í Ármúla* (samsett mynd). Fremst er Selma (myndin er tekin 1925). Aftar eru Karl Oluf Bang, Snæbjörn og Þórður (myndin er tekin 1921). Í baksýn er torfbærinn í Ármúla. Ljósmyndir: Ljósmynda-safnið Ísafirði.

Eflði hann líka félagslíf í héraðinu stórum með tónlist sinni þrátt fyrir miklar annir í læknisstarfinu. Hann var sérlega vel látinn sem læknir, brást ætíð fljótt við þegar til hans var leitað og þótti fljótur að greina sjúkdóma. Á þessum árum var list óþekkt atvinnugrein á Íslandi. Tónsmíðarnar hlutu því alltaf að mæta afgangi í stopulum tómstundum læknisins. Um þessi tengsl listsköpunar og embættis-skyldna hefur dr. Hallgrímur Helgason (1914–1994) sagt: „Hér mætast skylda og skemmtun, hér renna saman atvinna og afþreying. Þessi tvítengsl eru orðin að sálrænum veruleika. Skylda læknis eflir skemmtun tónskálds og öfugt.“<sup>8</sup>

Var þeim hjónum sýndur einstakur vináttuvottur af vinum, velunnurum og aðdáendum tónskáldsins í héraðinu er honum var færður flygill að gjöf árið 1919. Varð sá flygill honum alla tíð ómetanlegur við tónlistariðkun hans. Árin á Ármúla voru þeim hjónum þó fjarri því að vera sífelldur dans á rósum. Fjárhagur þeirra var t.d. lengst af ósköp bágborinn.

Þá misstu þau son, Hjalta að nafni, er þeim hafði fæðst 1913, áður en hann hafði náð eins árs aldri.<sup>9</sup> Sjálfur veiktist Sigvaldi mjög alvarlega af taugaveiki 1914 og náði hann í raun aldrei fullri heilsu eftir það. Flýði hann þá löngum á náðir tónanna, ekki síst er hann kom úr erfiðum sjúkravitjunum. Hin löngu og ströngu ferðalög um læknishéraðið reyndust honum mjög erfið, einkum eftir veikindin. Svo fór að lokum að þau höfðu næstum riðið honum að fullu.

Ekki verður skilið við Ármúlaár Sigvalda án þess að geta um þátt föður hans, Stefáns múrara Egilssonar (1845–1931). Hann settist að hjá Sigvalda í Ármúla haustið 1911 og bjó hjá syni sínum öll ár hans þar, en hann og Sesselja voru þá skilin þó að samband þeirra héldist jafnan gott. Auk þess að gera við húsið og stækka það stóð Stefán fyrir öllum búrekstri þar. Til þess hafði Sigvaldi ekki neinn tíma og erfitt er að ímynda sér hvernig hann hefði dregið fram lífið þarna ef ekki hefði komið til aðstoð föður hans.

Miklir kærleikar voru með bræðrunum Sigvalda og Eggerti Stefánssyni söngvara þó svo að óneitanlega væru þeir mjög ólíkir. Taldi Sigvaldi að enginn túlkaði lög hans



Mynd 2. *Bræðurnir Eggert Stefánsson söngvari og Sigvaldi Kaldalóns*. Fríkirkjan er í baksýn. Þar héldu þeir mjög vinsæla tónleikaröð á árunum 1924–1925. Samsett mynd: Ólafur J. Engilbertsson.

<sup>8</sup> Hallgrímur Helgason, *Íslands lag: Þattir sex tónmenntafrömuða*, Reykjavík: Leiftur, 1973, bls. 69.

<sup>9</sup> Karl Oluf Bang, stjúpsonur Sigvalda, minnst þessa atburðar er hann segir: „15. október 1913 andaðist litli veiki drengurinn Hjalti og var greftraður á Melgraseyri.“ Karl Oluf Bang, *Ég var felubarn*, Reykjavík: Fjölvaútgáfan, 1991, bls. 111.

betur en Eggert og söng hann nokkur þeirra inn á hljómplötu erlendis þegar árið 1919.<sup>10</sup> Eggert kom tvisvar í heimsókn í Ármúla, árin 1913 og 1916, og hreifst hann mjög af náttúruvegurðinni og bændameningunni í Djúpinu.

Í fyrra skiptið héldu þeir bræður tónleika saman á Ísafirði og voru þá báðir foreldrar þeirra viðstaddir, Sesselja og Stefán. Stolt hafa þau verið af sonum sínum á þeirri stundu.

### Nokkur einkenni tónskáldsins

Það er óumdeilt að Sigvaldi er „eitt ástælasta tónskáld þjóðarinnar.“<sup>11</sup> Það er því forvitnilegt að huga að því hvað þótt hefur einkenna hann sem tónskáld.

Sigvaldi var vissulega lítilllega tekinn að semja tónlist strax upp úr stúdentsprófi en lengst af hafði hann það fyrir sjálfan sig, flíkaði því ekki þannig að jafnvel þeir sem hann æfði sönglög með vissu ekki af því. Var það í fullu samræmi við eðlislæga hógværd hans.

Það er ekki fyrr en á Ármúlaárunum að þessir hæfileikar hans eru fyrir alvöru leystir úr læðingi og hann tekur að láta aðra njóta með sér af tónlist sinni. Það vildi til að í nágrenni hans var fólk sem bar skynbragð á slíka hluti, örvaði hann til dáða og gerði honum kleift að koma tónlistinni á framfæri við þjóðina alla.

Þar er fyrst og fremst átt við fjölskylduna á Laugarbóli, þ.e. Sigurð Þórðarson kaupfélagsstjóra sem kostaði útgáfu fyrstu sönglaga hans á nótum og Höllu Eyjólfsdóttur (1866–1937), móður hans, sem gerði ljóð við mörg laga Sigvalda, þ.á m. það lag sem margir tengja einkum við árin hans fyrir vestan, lagið *Ég lít í anda liðna tíð*.

Það lag hafði Sigvaldi raunar samið áður en hann kom vestur í Ísafjarðardjúp, í minningu unnustu sinnar sem lést kornung. Skýrði hann Höllu frá því hvaða hugrenningar væru tengdar laginu. Henni tókst svo snilldarlega að koma þeim hugsunum til skila að ljóðið á stóran þátt í því að lagið varð fljótlega meðal vinsælustu laga Sigvalda og er það enn þann dag í dag. Samstarf Sigvalda og Höllu er gott dæmi um hvernig listamenn í fámenni og einangrun úti á landsbyggðinni geta örvað hvor annan þannig að útkoman verði báðum í hag. Halla styrkti Sigvalda tvímælalaust sem tónskáld og hann studdi hana að sama skapi sem ljóðskáld. Það átti því við sem sagt var um Höllu í minningarorðum: „Hafa mörg ljóð hennar flogið vítt um land á vængjum tónanna undir lögum Sigvalda Kaldalóns tónskálds.“<sup>12</sup>

Árið 1916 markaði þáttaskil í lífi Sigvalda sem listamanns. Það ár hélt hann í fyrsta sinn tónleika þar sem lög eftir hann sjálfan voru uppistaðan í dagskránni, þá kom einnig út fyrsta heftið með sönglögum hans og loks tók hann upp Kaldalónsnafnið þetta sama ár. Er Kaldalónsnafnið vitaskuld staðfesting á því hversu miklu ástfóstri Sigvaldi tók við þennan stað þrátt fyrir alla þá erfiðleika sem honum mættu þar. Þarna við Ísafjarðardjúpið má segja að hann hafi fæðst sem tónskáld. Náttúruvegurðin hafi með miklum krafti leyst úr læðingi þá hæfileika á sviði tónlistarinnar sem bjuggu í brjósti hans.

<sup>10</sup> Skrá yfir elstu útgefin hljóðrit með sönglögum Sigvalda (1920–1946) er að finna í kynningarritinu *Sigvaldi Kaldalóns: Sýning í Þjóðarbókblöðun opnuð 24. maí 2017*, Reykjavík: Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafn, 2017, bls. 21–22.

<sup>11</sup> Sjá t.d. Ágúst Einarsson, *Hagræn ábrif tónlistar*, Reykjavík: Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, 2004, bls. 67.

<sup>12</sup> Minningarorð um Höllu Eyjólfsdóttur skáldkonu, *Morgunblaðið* 18. febr. 1937, bls. 6.

Því fór víðs fjarri að Sigvaldi væri það sem kalla mætti skrifborðstónskáld, þ.e.a.s. tónlist hans varð aldrei til á nótnablöðum á skrifborði. Hann var fyrst og fremst stemningsmaður og náttúrubarn í músikinni. Lotning andspænis fegurð náttúrunnar gat vakið slík hughrif með honum að úr varð tónlist, jafnvel fullbúið lag. Þá flýtti hann sér heim til að geta sest við hljóðfærið og spilað það sem sótti á hann eða mótast hafði í hug hans og hjarta.

Sigvaldi hefur sjálfur lýst því hvílíkum áhrifum hann varð fyrir frá náttúrunni við Ísafjarðardjúp. Í afmælisviðtali er tekið var við hann sextugan segir hann meðal annars:

Landið umhverfis Djúpið er forkunnar fagurt og það hafði mikil áhrif á mig. Einkum eru mér minnisstæð ferðalög á sumarkvöldum meðfram strandlengjunni, þegar fjöllin færðust fyrst í purpuraglód kveldsólargeislanna, en blánuðu svo eftir sólarlagið, og æ því meir, sem lengur leið á kvöldið. Hafði var djúpblátt, flötur þess sléttur og speglandi í kvöldkyrrðinni og úr jörðunni lagði angan og grósku hinnar frjósömu moldar. Slíkar stemningar höfðu mikil áhrif á listsköpun mína, og einmitt á þessum stundum fæddust í huga mínum þau lögín mín, sem vinsælust hafa orðið meðal almennings.<sup>13</sup>

Sagt hefur verið að *Við sundið* muni vera fyrsta lagið sem Sigvaldi fullsamdi.

Ég sit í kvöld og sat í gær  
við sundið fram á nætur.  
Ég hlýði er bylgjan blá og tær  
að bökkum fallast lætur.

Á slíkum augnablikum birtist dýrð og fegurð jarðarinnar í hvað mestri fullkomnun.<sup>14</sup> Náttúrustemningar sem þessar eru afar áberandi í lögum hans.

Af þekktum lögum sem Sigvaldi samdi eða sendi frá sér á Ármúlaárunum má nefna *Þú eina hjartans yndið mitt* sem hann tileinkaði konu sinni og er það fremst í 1. sönglagahefti hans, *Á Sprengisandi*, *Draumur hjarðsveinsins*, *Alfaðir ræður*, *Sofðu unga ástin mín*, *Svanurinn minn syngur* og *Við Kaldalón*. Ótrúlega fljótt náðu þau miklum vinsældum með þjóðinni.

Fyrsta lagið af sjö í fyrsta sönglagahefti hans (1916) er *Þú eina hjartans yndið mitt* við ljóð Guðmundar Geirdal (1885–1952). Þar er þegar að finna trúarlega hendingu í lokálinu seinna erindisins: „í trú sem hærra bendir“. Miklu meira af slíku áttu unnendur tónskáldsins eftir að heyra.

Í öðru heftinu (1917) birtist lagið *Alfaðir ræður*, við ljóð Sigurðar Eggertz sýslumanns (1875–1945) sem hann orti eftir sjóslys í Vík í Mýrdal árið 1910 þar sem fimm heimamenn fórust. Er óhætt að segja að Sigvalda takist vel að tjá harminn sem þessi voveiflegi atburður olli í lagi sínu sem hann samdi árið 1916 í kjölfar heimsóknar sinnar og Eggerts bróður hans til Sigurðar þar sem hann afhenti Sigvalda ljóðið um harmleikinn mikla við Vík. Hér birtist ljóðið í heild sinni:

Alfaðir ræður, öldurnar hníga.  
Eilífðin breiðir út fadminn sinn djúpa.  
Helþungar stunur í himininn stíga.  
Við háseti drottins bænirnar krjúpa.  
Alfaðir, taktu ekki aleiguna mína,

<sup>13</sup> *Vísir* 13. janúar 1941, bls. 2.

<sup>14</sup> Sjá grein Ólafs J. Engilbertssonar, sem hefur að geyma læsilegt ágríp af sögu tónskáldsins: „Sigvaldi Kaldalóns“, *Sigvaldi Kaldalóns: Sjóning í Þjóðarbókhlöðu opnuð 24. maí 2017*. Hér vísað í bls. 12 þar sem texti lagsins er einnig birtur.

Alfaðir, réttu út höndina þína.

Aldan er hnigin, auð hímir ströndin,  
á eilífðarbylgjunum sálirnar dreymir.  
Þú hreyfir ei, dauði, heilögu böndin,  
því himinninn tárin ekknanna geymir.  
Alfaðir, sjórinn tók aleiguna mína,  
Alfaðir, réttu mér höndina þína.

Yfir útsænum mikla englarnir syngja.  
Ástin draumblæju himnanna krýna.  
Dánarklukkurnar deyjandi hringja.  
Drottinn réttir fram höndina sína.<sup>15</sup>

Um kvæðið og lagið hefur Jón Kjartansson ritstjóri sagt eftirfarandi: „Þetta yndislega kvæði Sigurðar Eggerz með hinu ódauðlega lagi Sigvalda Kaldalóns, lýsir átakanlega hugarstríði konunnar, sem bíður milli vonar og ótta, meðan ástvinurinn er að velkjast í brimlöðrinu. Kvæðið er allt í senn: þrungin örvænting, innileg bæn og dásamlegur lofsöngur.“<sup>16</sup> Líklega fer þó best á að kalla kvæðið í heild sinni harmljóð.

Fegurð náttúrunnar átti greiða leið að hjarta tónskáldsins en þarna sýndi sig að frásagnir af voveiflegum atburðum, listilega búnir í magnþrungið harmljóð, snertu ekki síður hjarta hans. Á síðari árum hafa biblíufræðingar rætt um að harmurinn sé vanrækt efni í helgihaldi og tjáningu kirkjunnar. Þarna hefur lækurinn og tónskáldið Sigvaldi Kaldalóns lagt sitt af mörkum til að harmsefni fengju einnig listilegan búning í tónlist. Það er eins og í laginu megi heyra harmsöng englanna yfir útsænum.

Sigvaldi var fluttur frá Ármúla fársjúkur 21. apríl 1921 og kom þangað aldrei aftur. Hann var kominn með taugaveiki og berkla og með öllu óvíst að hann gæti starfað frammar sem læknir. Leiðin lá á heilsuhæli til Danmerkur og er þaðan kom eftir tæpt ár dvaldist hann í nokkur ár í Reykjavík, bláfátækur. Það var ekki síst Snæbjörn skipstjóri, bróðir hans, sem rétti honum hjálparhönd, skaut yfir hann skjólshúsi og reyndist honum sannur bróðir í raun.

## Í Flatey

Eftir að hafa verið að mestu án starfs í fimm ár vegna veikinda og búíð við sára fátækt í Reykjavík fékk Sigvaldi Flateyjarlæknishérað sem var ekki auðvelt hérað. Hann kom þangað í kringum Jónsmessu 1926 og segir sagan að ekki hafi hann verið búinn að vera nema tvo daga í eyjunni þegar fyrsta lag hans þar varð til. Vinur hans og velunnari, Ragnar Ásgeirsson ráðunautur (1895–1973), sendi honum ljóð sitt *Vorvindur* og Sigvaldi settist við hljóðfærið og lagið varð strax til. Í bréfi til Ragnars talaði hann um lagið sem „lítið og blátt áfram“ en bætti við „Það er hægur mildur andvari frá sálu minni“.<sup>17</sup> Í ljóði Ragnars er sagt um vindinn „þú ert af guði sendur“. Þannig eru hin trúarlegu stef þar og þau höfðu til Sigvalda. „Allt er sem endurborið, er aftur myrkrið snýr“ segir ennfremur í ljóði Ragnars og orðin minna á sköpunarstef Biblíunnar þar sem Guð ljóssins vinnur sigur á myrkurinu (sbr. 1Mós 1.3). Tónskáld

<sup>15</sup> Jón Kjartansson, „Alfaðir ræður“, *Lesbók Morgunblaðsins* 24. desember 1940, bls. 404–407, hér 406.

<sup>16</sup> Sama heimild, bls. 410.

<sup>17</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 19. desember 1926.

vors og endurnýjunar (sköpunar) semur mikið við ljóð um vorið og þar eru gjarnan textar sem skapa hugrenningatengsl við sköpunarstef Biblíunnar, þ.m.t. hina sístæðu sköpun, t.d. í ljóðinu *Vor* eftir Þorstein Gíslason (1867–1939) en þar segir í þriðja erindi: „Allt hið gamla’ er aftur nýtt, yngt og prýtt af sól og vori“.

Sigvaldi var hógvær maður og var ekki líklegur til að hrósa eigin verkum. Eina undantekingu hef ég þó rekist á. Það snertir eitt hans þekktasta lag, þ.e. *Ísland ögrum skorið*. Það lag hefði væntanlega aldrei orðið til ef Sigvaldi hefði ekki flutt út í Flatey. Hann var þar fyrir vikið á tveggja alda afmæli Eggerts Ólafssonar 1. des. 1926 og hátíðahöldin urðu til þess að með honum vaknaði löngun til að semja lag við ljóð Eggerts *Ísland ögrum skorið*. Í bréfi til Ragnars Ásgeirssonar talar Sigvaldi um lagið sem „framtiðarþjóðsöng okkar“ og bætir við „Heldur þú ef við heyrðum þetta lag ytra, heldur þú að hugur okkar myndi þá ekki fljúga heim?“ En svo er eins og honum finnst sem hann hafi kannski sagt of mikið og skrifar: „Þú mátt ekki hlæja að mér, þó eg taki svo djúpt í árinni með „Ísland ögrum.“ Ég elska það lag.“<sup>18</sup>

Fyrsta erindið þekkja langflestir Íslendingar en það skal birt hér engu að síður:

Ísland ögrum skorið  
eg vil nefna þig  
sem á brjóstum borið  
og blessað hefur mig  
fyrir skikkan skaparans;  
vertu blessað, blessi þig  
blessað nafnið hans.<sup>19</sup>

Textinn er í senn lofgjörð til landsins og skaparans, sbr. ljóðlínurnar í fyrsta erindi: „Vertu blessað, blessi þig / blessað nafnið hans.“

Og sannarlega hefur þetta lag öðlast gríðarlegar vinsældir og er gjarnan leikið við hátíðlegustu tækifæri og hefur nánast stöðu aukþjóðsöngs.

Nokkurn veginn samtímis Sigvalda í Flatey var sr. Sigurður Einarsson (1898–1967), síðar dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands. Þeim kom vel saman, þrátt fyrir að vera mjög ólíkir og héldu t.d. þrjár skemmtanir saman eða samkomur til ágóða fyrir kirkjuna veturinn 1926 til 1927, en kirkjan var vígð skömmu fyrir jól 1926.

Það má greina á bréfum Sigvalda frá þessum árum að hann hefur verið mjög þrek-lítill og heilsa hans leyfði tæpast að hann væri í siglingum á bátkænum til að annast sjúklinga í öðrum eyjum eða uppi á landi og stundum sótti að honum leiði, ekki síst þegar sr. Sigurður var í burtu. Í einu sendibréfa sinna skrifar hann: „Prestur okkar er ennþá á ferðalagi og sakna ég hans mikið ... Ég vildi óska að ég hefði einhverja létta stöðu syðra því stundum finnst mér nærri of þungt ábyrgðarstarf læknisfargsins.“<sup>20</sup> Síðar sama ár skrifar hann: „Sál mína vantar menn að tala við og einhverja hvöt. Hér er ekkert bergmál, engir huldurheimar og fjöllin eru langt í burtu.“<sup>21</sup>

<sup>18</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 6. nóvember 1927.

<sup>19</sup> Um tilurð lagsins er fjallað í: Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 82. Þar kemur fram að lagið var í fyrsta sinn sungið við kirkjuathöfn 27. janúar 1927.

<sup>20</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 13. júní 1928.

<sup>21</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 6. september 1928.



Þrátt fyrir þessi orð tónskáldsins er ljóst af ýmsum öðrum bréfum hans að hann naut oft verunnar í Flatey og skynjaði vissulega náttúrufegurðina þar. Í einu bréfa sinna þaðan skrifar hann: „Það er mjög fallegt hér á vorin, alt kvíkt af fugli og lundalús. Hún er kanske ekki skemmtileg, en lundinn er skemmtilegur.“<sup>22</sup>

Selma (1919–1984), dóttir Sigvalda, talaði um Flatey sem hreina paradís fyrir börn. Hún var aðeins sex ára þegar fjölskyldan fluttist í Flatey. Um tónlist föður síns sagði hún: „Ég vaknaði oftast við músík á morgnana og sofnaði við músík á kvöldin.“ Hún nefnir líka að faðir hennar hafi alltaf verið að vekja athygli barnanna á því sem honum þótti fagurt og athyglisvert: „Sjáið þið — sagði hann, — sjáið þið geislana, hvernig þeir brotna í dropunum, — takið eftir þessum litum þarna.



Mynd 3. Sigvaldi Kaldalóns í Flatey. Þar var hann læknir á árunum 1926–1929 og samdi þar m.a. lagið *Ísland ögrum skorid* sem segja má að hafi öðlast sess sem nokkurs konar aukþjóðsöngur okkar Íslendinga. Samsett mynd: Ólafur J. Engilbertsson.

Þannig var hann óþreytandi að tala við okkur.“<sup>23</sup>

Sigvaldi fékk yfirleitt gott næði til að sinna tónlistinni í Flatey. Þar stjórnaði hann líka kirkjukórnum og lék við guðsþjónustur og náid og gott samstarf hans og sóknarprestsins er til marks um kirkjulegan áhuga hans og kristna trú. Sigvaldi skynjaði Guð í sköpunarverkinu, í fegurð og litadýrð náttúrunnar sem oft varð kveikjan að lögum hans. Því þarf ekki að koma á óvart að mörg laga hans eru við trúarlega texta. Þannig gerði hann t.d. lag á Flateyjarárunum við kvæði Davíðs Stefánssonar *Á föstudaginn langa*, betur þekkt undir upphafsorðunum „Ég kveiki á kertum mínum“.<sup>24</sup>

Þetta er frægasta trúarljóð Davíðs og sýnir hve ástin á Kristi stendur djúpt í huga skáldsins. Þetta kunna trúarljóð er mikil og einlæg trúarjátning sem lifað hefur meðal þjóðarinnar. Sigvaldi talar um lag sitt við trúarljóð Davíðs sem „einfalt sálmalag“ og segir í bréfi til Ragnars vinar síns: „Ég held að þetta lag lifi mig. Mér þykir mjög vænt um þetta lag og vona að þið komið til með að elska það.“<sup>25</sup> Sigvaldi var mjög hrifinn af Davíð og las venjulega einhver ljóða hans á kvöldvökum í Flatey. Sagt hefur verið um trúarljóð Davíðs Stefánssonar: „sá Kristur sem stígur fram í kvæðum Davíðs er umfram allt bróðir smælingjans.“<sup>26</sup> Slík trúartjáning höfðaði mjög til Sigvalda Kaldalóns sem löngum lét sér mjög annt um þá sem voru minni máttar auk þess sem starf hans var fólgið í að líkna og lækna.

4. erindi ljóðsins dregur þann þátt vel fram:

Að kofa og konungshöllum  
þú kemur einn á ferð.  
Þú grætur yfir öllum

<sup>22</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 18. mars 1927.

<sup>23</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 163–165.

<sup>24</sup> Um þetta kvæði Davíðs hefur verið sagt: „Þótt Davíð hefði ekki ort neitt annað trúarlegt myndi hann í krafti þessa kvæðis teljast í hópi mestu íslenskra trúarskálda aldarinnar slíkur er andhiti þess og einlegni.“ Gunnar Stefánsson, „Ég kveiki á kertum mínum“: Um trúarleg viðhorf í kveðskap Davíðs Stefánssonar“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 9/1994, bls. 179–193, hér 186.

<sup>25</sup> Sendibréf Sigvalda til Ragnars Ásgeirssonar, dags. 2. febrúar 1928.

<sup>26</sup> Gunnar Stefánsson, „Ég kveiki á kertum mínum“, bls. 189.

og allra syndir berð.  
Þú veist, er veikir kalla  
á vin að leiða sig.  
Þú sérð og elskar alla,  
þó allir svíki þig.

Svo fór að Sigvaldi, sem aldrei hafði náð fullri heilsu, varð að gefa læknisstarfið í Flatey upp á bátinn og halda til Kaupmannahafnar á ný að leita sér lækninga. Hans var saknað í Flatey. Þar, eins og annars staðar þar sem hann bjó, flutti hann með sér andlegt líf og menningu og tónlist sem fólkið kunni að meta, þ.m.t. tónlist á trúarlegum nótum.

Minnisvarði um Sigvalda stendur nú í Flatey og var hann reistur þar árið 2004.

### Deilur við læknasamtökin

Í janúar á síðastliðnu ári fagnaði Læknafélag Íslands hundrað ára afmæli sínu. Af því tilefni var eitt kvöldið haldin dagskrá í minningu Sigvalda Kaldalóns lækni þar sem Karlakórinn Fóstbræður flutti mörg af lögum Sigvalda og Óttar Guðmundsson geðlæknir flutti kröftugt og áheyrilegt erindi um ævi og starf Sigvalda undir yfirskriftinni „Stríð Sigvalda Kaldalóns við læknasamtökin“. Þar lýsti Óttar því hvernig Sigvaldi hefði óvart lent í klemmu í deilu Læknafélagsins við Jónas dómsmálaráðherra frá Hriflu. Hugðist Læknafélagið ná veitingavaldinu af ráðherra og skipaði læknum að senda umsóknir til stjórnar félagsins í stað ráðherra. Sigvaldi sótti hins vegar um Keflavíkurhérað í trássi við Læknafélagið sem leiddi til þess að Læknafélagið rak Sigvalda úr félaginu.

Um það sagði Óttar í erindi sínu: „Læknasamtökin sýndu mikla óbilgirni og hroka gagnvart þessu heilsulausa og fátæka tónskáldi. Stundum flýgur að manni að snilligáfa hans á sviði tónlistar hafi fyllt lækna óöryggi og afbrýðisemi. Það er gaman að Læknafélag Íslands hafi ákveðið að sættast endanlega við Sigvalda eftir 90 ára ólund. Nú er lag að gera hann að heiðursfélagi í samtökum lækna rúmum 70 árum eftir dauða sinn.“<sup>27</sup>

Í sem stystu máli var atburðarásin þannig: Keflavíkurhérað var laust og Sigvaldi erlendis að leita sér lækninga. Líklega vissi hann ekki um ráðagerðir stjórnar Læknafélagsins og ákvað að sækja um starfið. Raunar voru það „...Snæbjörn, bróðir hans, og Ragnar Ásgeirsson ráðunautur, sem umsóknina sendu, hugsanlega þó fyrir atbeina dómsmálaráðherra sjálfs...“ eins og segir í bókinni *Stóra bomban*.<sup>28</sup> Ráðherra tók umsókninni sem himnasendingu og skipaði Sigvalda héraðslækni. Í mikilli dramatík sem í hönd fór, dró svo Sigvaldi umsókn sína til baka en Jónas ráðherra sýndi honum fram á að þar með yrði hann embættislaus. Á endanum afréð Sigvaldi, þrátt fyrir mikinn þrýsting lækna gegn honum, að þiggja héraðslæknisembættið í Keflavík og fara þar að tilmælum ráðherra.

Ekki tók Læknafélagið því þegjandi heldur rak Sigvalda úr félaginu og Ólafur Thors þingmaður efndi til borgarafundar í Keflavík þar sem samþykkt var að enginn Keflavíkingur skyldi hýsa hinn nýja héraðslækni.<sup>29</sup>

<sup>27</sup> Óttar Guðmundsson, „Bakþankar: Kaldalóns“, *Fréttablaðið*, 20. janúar 2018, bls. 112.

<sup>28</sup> Jón Helgason, *Stóra bomban*, Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1981, bls. 80.

<sup>29</sup> Jón Þ. Þór og Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, *Saga Grindavíkur 1800–1974*, Grindavík: Grindavíkurbær 1996, bls. 317.

Jónas ráðherra frá Hriflu sá við því. Hann átti voldugan vin í Grindavík, Einar Einarsson „ríka“, útvegsbónda í Garðhúsum. Hann greip til óvæntra ráða, bauð Sigvalda húsnaði í Garðhúsum og gaf það fyrirheit að Grindvíkingar myndu reisa honum embættisbústað innan eins árs.<sup>30</sup> Við það var staðið.

Sigvaldi þekktist boðið og fékk góðfúslegt leyfi stjórnvalda til að hafa aðsetur sitt í Grindavík. Heimamenn í Grindavík tóku honum opnum örmum og gerðu það sem í þeirra valdi stóð til að dvöl hans þar yrði sem best. Læknafélagið lagði hins vegar bann við því að nokkur félagsbundinn læknir rétti Sigvalda hjálparhönd, aðstoðaði hann eða gerðist staðgöngumaður hans.<sup>31</sup>

Þegar frá leið munu Keflvíkingar hafa iðrast andstöðunnar við Sigvalda og hann reyndist farsæll læknir í héraðinu og ekki síður voru menningarleg áhrif hans mjög veruleg.

### Grindavíkurár Sigvalda — „Menningarleg vígsla“

Um leið og Sigvaldi kom til Grindavíkur hóf Einar í Garðhúsum byggingu læknisbústaðar, en einnig var safnað fé meðal þorpsbúa til að byggja læknisbústaðinn og gekk það með ágætum, því að menn vildu mikið til vinna að hafa lækni í þorpinu.<sup>32</sup>

Í Grindavík bjuggu þau hjónin Sigvaldi og Karen Margrete Kaldalóns í fimmtán ár og voru árin að mörgu leyti frjóstu ár Sigvalda á tónlistarsviðinu þrátt fyrir að hann ætti lengst af við heilsuleysi að stríða. Hefur verið talað um dvöl Sigvalda í Grindavík sem „menningarlega vígslu“ fyrir bæinn og þar samdi hann það lagið *Suðurnesjamenn* við texta Ólínu Andrésdóttur. Hefur það síðan verið nokkurs konar þjóðsöngur Suðurnesjamanna.

Þannig segir Tómas Þorvaldsson (1919–2018) útgerðarmaður í endurminningum sínum: „Það var ómetanlegt að hafa slíkan mann í byggðarlaginu. Hann studdi leikstarfsemi kvenfélagsins dyggilega; æfði sönglög með leikendum, ef á þurfti að halda, og lék undir á sýningum. Og hann beitti áhrifum sínum til að fá landskunna söngvara, fyrirlesara og fræðimenn til að koma fram í Kvenfélagshúsinu nýja, sem vígt var árið 1930.“ Og Tómas bætir við: „Ég tók eftir því, þegar ég kom á heimili Kaldalónshjónanna, að ef húsbóndinn var ekki við vinnu sína í lækningastofunni, var hann annað hvort að finna við hljóðfærið, þar sem hann lék nýjustu lög sín, eða sat við útvarpstækið sitt og hlustaði á sígilda tónlist.“<sup>33</sup>

Margir af kunnustu listamönnum þjóðarinnar dvöldu á heimili þeirra lengri eða skemmri tíma eða í næsta nágrenni í Grindavík og voru daglegir gestir á heimilinu. Má þar nefna nafnana Gunnlaug Scheving (1904–1972) og Gunnlaug Blöndal (1893–1962) listmálara, Stein Steinarr (1908–1958) skáld og Ríkharð Jónsson (1888–1977) myndhöggvara, að ógleymdum bróður Sigvalda, Eggerti Stefánsyni (1890–1962), rithöfundu og söngvara.

Í sumum tilfellum var dvöl þessara kunnna listamanna á heimili Sigvalda ekki aðeins lyftistöng fyrir menningarlíf í Grindavík heldur fyrir alla þjóðina. Þannig hafa Grindavíkurár Gunnlaugs Scheving hlotið þann sess að teljast sérstakur kapítuli í sögu

<sup>30</sup> Guðjón Friðriksson, *Saga Jónasar frá Hriflu II: Dómsmálaráðherrann*, Reykjavík: Iðunn, 1992, bls. 155.

<sup>31</sup> Jón Helgason, *Stóra bomban*, bls. 84.

<sup>32</sup> Gylfi Gröndal, *Ævidagar Tómasar Þorvaldssonar útgerðarmanns I: Byggð bernsku minnar*, Reykjavík: Setberg 1986, bls. 139.

<sup>33</sup> Sama heimild, bls. 140.

íslenskrar myndlistar, eins konar óður til íslenskra sjómanna með svipuðum hætti og lag Sigvalda Kaldalóns *Suðurnesjamenn*. Og lengja mætti listann yfir þá listamenn sem dvöldu löngum í Grindavík, í nálægð Sigvalda. Það var eins og hann laðaði þá að sér: Einar Benediktsson (1864–1940), Halldór Laxness (1902–1998) og Jóhannes (1899–1972) skáld úr Kötllum.



Mynd 4. *Sigvaldi Kaldalóns um 1940. Grindavík er í baksýn en þar var hann lækni á árunum 1929–1945 og samdi þar m.a. löginn *Suðurnesjamenn* og *Nóttin var sú ágæt ein*. Samsett mynd: Ólafur J. Engilbertsson.*

Selma Kaldalóns, dóttir Sigvalda, hefur lýst því hvernig faðir hennar samdi lög sín: „Hann samdi þegar hann var í stemmningu,“ hefur hún sagt og bætir við: „Hann samdi stundum úti á göngu, raulaði þá fyrir sér lagstúf og spilaði strax, þegar hann kom heim. Oft samdi hann líka seint á kvöldin eða á nóttunni. Það kom líka fyrir, að hann reis frá matborðinu og gekk að hljóðfærinu til þess að leika það, sem þá sótti á hann. Hann hafði þörf fyrir að láta aðra njóta með sér og stundum fór hann út á götu og mætti kannski sjómanni, sem var að koma upp úr skipi, og sagði við hann: — Komdu snöggvást inn með mér, ég ætla að spila fyrir þig lag, — það er nýtt lag.“<sup>34</sup>

Eins og fram hefur komið varð Sigvaldi snemma mjög heilsuveill, og þegar þar við bættist að hann gat aðeins lagt stund á tónsmíðar í hjáverkum frá annasömum lækni-störfum er með ólíkindum hve miklu hann fékk áorkað. Það er þó ekki magn tónsmíðanna sem mun halda nafni hans á lofti um ókomin ár heldur sú staðreynd að fjölmörg laga hans urðu svo að segja á svipstundu þjóðareign og eru það enn þann dag í dag.

Jóhannes skáld úr Kötllum komst þannig að orði um tónlist Sigvalda í minningar-grein:

Vart mun finnast sú sál á Íslandi, að hún hafi ekki einhverju sinni orðið snortin af söngvum hans, vart sú rödd, sem ekki hefur reynt að taka undir þá. Eins og mild kvedja vorboðans hafa þeir borizt efst upp í dali, yzt út á nes, bóndinn hefur raulað þá yfir fé, sjómaðurinn á vaktinni, heimasætan á meðan hún beidd unnusta síns. Þetta eru tónar alþýðunnar í upphafningu norræns blóma, yljaðir af hjartaglód snillingsins. Þetta eru tónar, sem allir skilja og eiga og þess vegna geta þeir ekki dáði.<sup>35</sup>

Ekki verður svo skilið við Grindavíkurár Sigvalda án þess að fara nokkrum orðum um lag hans við jólakvæði Einars Sigurðssonar úr Heydölum (1586–1626) *Nóttin var sú ágæt ein* sem ort er undir vikivakahætti. Sigvaldi samdi lagið um jólin 1940 eftir að hafa séð kvæðið í vikublaðinu Vikunni. Lagið var tekið inn í íslensku sálmaþókina 1945. Kvæði Einars var alls 28 erindi, auk viðlags. En sjö erindanna voru tekin inn í Sálmaþók þjóðkirkjunnar. Á síðari áratugum hefur þetta jólalag öðlast þann sess að vera eitthvert vinsælasta og mest notaða jólalag þjóðarinnar. Lagið þykir fallett, „á vel við kvæðið sjálft og hentar vel til söngs, jafnt almenns söngs sem kórsöngs og einsöngs.“<sup>36</sup> Sagt hefur verið að vöggukvæði Einars hafi e.t.v. verið hugsað til leiks kringum jötu. Þar er hið dulúðuga við jólin dregið fram. „Það sem jólin lýsa og greina

<sup>34</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 165.

<sup>35</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 118–119.

<sup>36</sup> Einar Sigurbjörnsson, „... af stallinum Kristí“: Jólakvæði í Vísnaþók Guðbrands“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 15/2001, bls. 35–46, hér 40.

frá er ekki aðeins liðinn atburður sem gerðist í fyrndinni, heldur líka eilífur atburður sem gerist í hvert skipti sem manneskja lýtur í trú þeim sem fæddist á jólum.<sup>37</sup>

Það kemur t.d. vel fram í fjórða erindinu:

Lofið og dýrð á himnum hátt  
honum með englum syngjum þrátt,  
friður á jörðu og fengin sátt,  
fagni því menn sem bæri.  
Með vísnaðsöng ég vögguna þína hræri.

### **Sigvalda líkt við biblíulegar persónur**

Þar sem þessi grein fjallar að verulegu leyti um trúarlega drætti í listsköpun Sigvalda Kaldalóns er forvitnilegt að hugsa til þess að a.m.k. tvisvar hefur honum sjálfum verið líkt við þekktar biblíulegar persónur á áberandi hátt. Það segir nokkuð um þann sess sem hann hefur hlotið meðal þjóðarinnar og bendir jafnframt til að tónskáldið skapi hugrenningatengsl við trú og tilbeiðslu.

Í fyrra skiptið var honum líkt við Móse sem er lýst sem afar fjölhæfum manni sem m.a. samdi ljóð þó að þekktastur sé hann fyrir að hafa leitt samlanda sína úr ánaði í Egyptalandi og tekið á móti sáttmálanum og boðorðunum á Sínaí fjalli. Dæmið um samlíkingu Sigvalda og Móse er að finna í ljóði á hvalstönn sem Ríkharður Jónsson (1888–1977) myndhöggvari skar út og gaf vini sínum Sigvalda. Tilefnið var sextíu ára afmæli Sigvalda hinn 13. janúar 1941. Frá þessu segir Ríkharður í minningum sínum um Sigvalda í minningarriti um hann.<sup>38</sup> Þar birtir Ríkharður ljóðið sem var tvö erindi, átta ljóðlínur hvort. Hér verður látið nægja að vísa í fyrra erindið.

Líkt og Móse áður fyrr á öldum  
undrasprota sló að steini köldum,  
lífsins helft í litum þúsundföldum  
leiddi fram með sínum kynngi göldrum,  
Þannig hefur snillings önd þín snjalla,  
snortið fólksins sálir helgum eldi,  
eins og Heimir hörpu látið gjalla,  
hafði frónskan tón í æðra veldi.

Sigvalda er hér líkt við Móse á þann hátt að undrasprota þeim sem Móse sló á steininum svo að vatn streymdi út (2Mós 17) er líkt við andagift Sigvalda sem hafi með tónlist sinni og hörpu „snortið fólksins sálir helgum eldi.“ Þannig að áhrifamætti tónlistar Sigvalda er líkt við sprotann sem Móse notaði til að framkvæma kraftaverk sín á óbyggðagöngu hinna fornu Hebra og flóttu þeirra frá Egyptalandi. Einnig er tónlist Sigvalda líkt við hörpu Heimis konungs, en Sigvaldi hafði samið lagið Heimir við ljóð Gríms Thomsen og var það gefið út í söngvahefti árið 1918. Það þekkti Ríkharður Jónsson vel því að hann hafði verið fenginn til að teikna mynd af Heimi

<sup>37</sup> Sama heimild, sami staður.

<sup>38</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 158–162.



konungi við hörpu sína á kápu þessa heftis sem hafði að geyma tíu sönglaga Sigvalda.<sup>39</sup> Um Sigvalda hefur Ríkharður m.a. þetta að segja:

Eftir að við Sigvaldi hittumst í fyrsta sinn, urðum við órjúfanlegir vinir. Ég þekkti áður lögin hans og söng þau oft við vinnu mína. Þau voru svo ljúf og laðandi og snertu strengi hjarta míns, en söngur hefur verið mitt hjartans yndi alla tíð.<sup>40</sup>

Ríkharður var hjá Sigvalda sumar eftir sumar, stundum viku eða hálfan mánuð í senn.

Um samvistir sínar með Sigvalda í Grindavík sagði Ríkharður m.a.:

Við höfðum báðir gaman af að heyra í fuglum og grjótkastinu úr berginu og bárugjálfrinu. Það var svo margraddað þarna í vikinni. Við sátum þar stundum fram á nætur. Á gönguferðum okkar var umræðuefnið oft skáldskapur, en svo var það tíðum, að við þurftum ekki mikið umræðuefni. Við vorum þá á valdi náttúruhrifa og nutum þess bara að ganga saman hvor með sínar hugsanir. En stundum dattu upp úr honum ræðustúfar um umhverfið eða landslagið.<sup>41</sup>

Síðara dæmið sem hér skal nefnt um að Sigvalda hafi verið líkt við þekkta biblíulega persónu er nýrra af nálinni. Það birtist í málverkinu *Harpa Davíðs í Kaldalóni* eftir Einar Hákonarson (f. 1945) frá árinu 2013, en Einar bjó þá á Hólmavík, þeim stað þar sem Sigvaldi hóf læknisferil sinn á Íslandi. Þaðan er ekki langt inn í Kaldalón í Ísa-fjarðardjúpi.

Í afar áhugaverðu málverki sínu steypir Einar Hákonarson sálmaskáldinu Davíð konungi og íslenska læknum og tónskáldinu Sigvalda Kaldalóns í raun saman í eina persónu. Harpa Davíðs setur sterkan svip á myndina sem er unnin á mjög frumlegan hátt. Einar hafði einnig 121. Davíðssálm í huga við gerð myndarinnar, sálminn kunna sem hefst á orðunum „Ég hef augu mín til fjallanna“. Fjallið á myndinni er sem jökull og er því greinilega ætlað að tjá Drangajökul. Myndin einkennist öll af tvíræðni þar sem teflt er saman sögu sviði Landsins helga um 1000 árum f. Kr. og íslenska Kaldalóninu um það leyti sem læknirinn og tónskáldið Sigvaldi Stefánsson kenndi sig við þann stað árið 1916.<sup>42</sup>



Mynd 5. *Harpa Davíðs í Kaldalóni*. Málverk Einars Hákonarsonar.

<sup>39</sup> Sama heimild, bls. 158. Sbr. Sigvaldi S. Kaldalóns, *Tíu sönglög eftir Sigv. S. Kaldalóns*, Reykjavík: Sigurður Þórðarson, 1918.

<sup>40</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 159.

<sup>41</sup> Sama heimild, bls. 159–160.

<sup>42</sup> Gunnlaugur A. Jónsson, *Ábrifisaga Saltarans*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 447–451.

## Trúarlegir textar í tónlist Sigvalda

Eins og þegar ætti að vera orðið ljóst gegna trúarlegir textar umtalsverðu hlutverki í tónlist Sigvalda Kaldalóns. Hér verður fjallað nánar um það efni. Með trúarlegu textunum er ekki einungis átt við beinar vísanir í biblíutexta, heldur stef sem auðþekkjanleg eru úr kristinni trú, ekki síst sköpunartrú og opinberun Guðs í náttúrunni, lofgjörð og harmsálma. Sömuleiðis eru þar vísanir sígildan kristinn kærleiksboðskap, um að styðja við lítilmagnann og láta almennt gott af sér leiða í samskiptum fólks á vettvangi þjóðfélagsins og gagnvart sköpunarverkinu, dýrunum þar með talið. Þau dæmi sem hér verða nefnd um trúarleg stef í sönglagatextum Kaldalóns eru að sjálfsögðu ekki valin af handahófi. Þau gera hins vegar ekkert tilkall til að vera tæmandi.

Eitt af allra vinsælustu lögum Sigvalda, jólagagið *Nóttin var sú ágæt ein* eftir sálmaskáldið góðkunna og afkastamikla sr. Einar Sigurðsson í Heydölum (1590–1626), hefur þegar verið tekið til umræðu í þessari grein. Hér má bæta því við að Jón Ásgeirsson tónskáld hefur sagt um lagið að það „ber[i] í sér sakleysi einfaldleikans og er þetta látlaus lag eins og það hafi verið ort og sungið samtímis.“<sup>43</sup>

Þetta kunna og vinsæla jólagag er tvímælalaust til marks um að Sigvaldi laðaðist talsvert að trúarlegum textum. Það þarf ekki að koma á óvart þegar uppeldi hans er haft í huga. Jólagög Sigvalda eru mörg og vitna um að hann var handgenginn kristnu helgihaldi og tilbeiðslu.

Jólagagið fallega *Aðfangadagskvöld jóla 1912* við texta Stefáns frá Hvítadal (1887–1933) þekkja margir kannski einna best úr jólaguðsþjónustum útvarpsins úr Dómkirkjunni. Oft er upphafsljóðlínán notuð sem heiti þess, „Kirkjan ómar öll“. Og sannarlega ómar kirkjan í því lagi. Lagið var gefið út árið 1944, samið fyrir blandaðan kór og orgel.

Eftirfarandi erindi er hluti þessa jólatexta Stefáns frá Hvítadal og er ekki erfitt að ímynda sér og skilja hvers vegna hann hafi höfðað til Sigvalda, sem átt hafði við andstreymi og veikindi að glíma í lífinu en leitaði þá á náðir tónlistar og trúar:

Gleð þig, særða sál,  
lífsins þrautum þyngd.  
Flutt er muna-mál.  
Inn er helgi hringd.  
Minnstu komu Krists,  
hér er skuggaskil.  
Fagna komu Krists,  
flýt þér tíða til.

Bent hefur verið á að ekki aðeins er stuðlasetninging þessa kvæðis óvenjuleg, heldur er bragarhátturinn furðu sjaldséður. Í ljóðmælum Matthíasar Jochumssonar (1835–1920) er þó að finna dæmi um þennan hátt á víð og breið.<sup>44</sup> Hvað sem því líður hefur bragarhátturinn ekki hindrað Sigvalda, seint á tónlistarferli sínum, að semja afar fallett lag sem fellur vel að textanum og felur í sér hátíðarblæ eins og verið sé að hringja helgi inn og fagna komu Krists.

<sup>43</sup> Jón Ásgeirsson, *Söngvar Kaldalóns*, bls. 14.

<sup>44</sup> Ivar Orkland, *Stefán frá Hvítadal og Noregur: Rannsókn á norskeum ábrifum á íslenskt ljóðskáld á 20. öld*, Steindór Steindórsson frá Hlöðum þýddi, Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1990, bls. 240–241.

Af öðrum mjög þekktum trúarlegum lögum Sigvalda kemur *Ave María* fljótt í hugann, textinn er hluti af *Dansinum í Hruna* eftir Indriða Einarsson (1851–1939). Nú er svo komið að þetta lag Sigvalda er flutt við trúlega þriðju eða fjórðu hverja útför í landinu, auk þess sem það er einnig flutt við önnur tilefni.

Sigvaldi samdi einnig lag við Maríubæn Höllu Eyjólfsdóttur sem hófst á orðunum „Himnanna drottning, heilögum vafin ljóma“ og kom út í þriðja sönglagahefti hans árið 1918.

Himnanna drottning, heilögum vafin ljóma,  
heyr vora bæn í auðmýkt til þín hljóma.  
Ó, hjartans móðir, æðsta ástin blíða,  
unn oss í dýrð til þín og englaskarans fríða.  
Ave María.


Mariúkvæðin og -bænirnar minna á að um skeið var Sigvaldi mjög snortinn af kaþólskum siðum og kaþólskri messugjörð. „Ég væri jafnvel til með að verða kaþólskur, — messurnar og messuformið er svo hrífandi, reykelsisilmurinn hefur mikil áhrif og það er margt fyrir opin augu og eyru að hrífast af“ mun hann hafa sagt við sína nánustu. Ekki lét hann þó af því verða að stíga það spor.<sup>45</sup>

Sigvaldi var afar hrifnæmur maður og óður til sköpunarverksins er e.t.v. sá þáttur sem er einna mest áberandi í þeim textum sem hann kys að semja lög við. En sannarlega kemur guðsmóðirin María einnig þar við sögu, en hún er heldur engin einkaeign kaþólskunnar, fjarri því.

Í fyrsta sönglagahefti Sigvalda er líka að finna lagið *Samtal fuglanna* við texta Höllu Eyjólfsdóttur. Það er í raun samtal fugla í tilhugalífi en trúarlegt orðalag kemur við sögu: „Þú besta hugmynd skaparans um eilífð orðið hefur“. Þarna má sjá votta fyrir því sem síðar verður svo áberandi í mörgum þeirra texta sem Sigvaldi semur við að þar er samspil trúar og náttúru sem vitnar um lotningu tónskáldsins fyrir undrum sköpunarverksins. Hið sama átti við um Höllu, sem var trúuð kona, eins og greina má af ýmsum ljóðum hennar, t.d. ljóðinu *Fányt er gleðin ef fylgir ei trú*.<sup>46</sup>

Ljóð Höllu *Leitin* er sömuleiðis á trúarlegum nótum. Það kom út árið 1930 í heftinu *Ljúflingar: 12 einsöngslög*.<sup>47</sup> Þetta áhugaverða ljóð skal hér notað sem dæmi og birt í heild:

Áfram lengra upp og hærra  
andinn þráir hnossið stærra.  
Hvar er dýpsta kærleikslindin?  
Hvar er allt nema dauði og syndin?



Mynd 6. Málverk Einars Hákonarsonar *Ég lít í anda liðna tíð*. Heiti myndarinnar er sótt í ljóð Höllu Eyjólfsdóttur skáldkonu sem samið var við lag Sigvalda Kaldalóns. Samvinna þeirra Höllu og Sigvalda var einstök og ekkert skáld átti texta við jafnmörg lög Sigvalda og Halla. Kynni þeirra og samvinna hófst á árum Sigvalda við Ísafjardardjúp og þegar Einar Hákonarson málar mynd sína er hann með Höllu og Djúpið í huga.

<sup>45</sup> Gunnar M. Magnúss, *Bókin um Sigvalda Kaldalóns*, bls. 93–94.

<sup>46</sup> Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, *Svanurinn minn syngur: Ljóð og líf skáldkonunnar Höllu Eyjólfsdóttur*. Ísafirði: Útgefandi: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, 2008, bls. 53.

<sup>47</sup> Sigvaldi S. Kaldalóns, *Ljúflingar: 12 einsöngslög eftir Sig[valda] S. Kaldalóns*, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, 1930.



Ég er búin lengi að leita  
logaði þráin heita heita.  
Svölun finn ég sálu minni,  
sennilega í eilífðinni.

Ástarþyrstum anda mínum  
eilífð svala í faðmi þínum  
þar sem elskan æ má ríkja,  
aldrei þarf að víkja.

Hin biblíulegu tengsl leyna sér ekki í þessu trúarljóði sem kveðið er í 1. persónu. Skyldleiki virðist nokkur við einn af kunnustum sálmum Saltarans, „Eins og hindin...“, þ.e. Slm 42–43, sem almennt er talinn einn sálmur þrátt fyrir að hann hafi tvö númer. Þar er lýst þrá sálarinnar eftir Guði og henni líkt við þrá hindarinnar eftir vatnslindum. Sálmurinn, sem er yfirleitt flokkaður sem harmsálmur einstaklings, einkennist af því að ljóðmælandinn ávarpar sálu sína.

Í þessu ljóði Höllu er einnig um leit að ræða, eins og heitið gefur strax til kynna og það er líka leit að lind, ekki vatnslind heldur kærleikslind. Sagnirnar að leita og þyrsta, og nafnorðin þrá og sál koma fyrir í báðum textunum, og merkingin er um margt hliðstæð. Leitin að kærleiksríkum Guði og eilífri svölun í návist hans og faðmi er sameiginleg. Í báðum tilfellum hefur ljóðmælandinn sýnilega orðið fyrir mótlæti, kynnst sorg, synd og dauða. Von leitandans er þó sterkari og skilar sér sem hvatning og fullvissa um svölun í kærleikslind Guðs.

Hér skal því ekki slegið föstu að Höllu hafi beinlínis haft sálm Saltarans sem meðvitaða fyrirmynd. Hliðstæðurnar eru hins vegar slíkar að kynni hennar af þeim sálmi dyljast ekki og þau kynni hafa haft áhrif á hið trúarlega ljóð hennar.

Nú skal tekið dæmi af öðrum texta sem Sigvaldi samdi við, þ.e. *Hjúkrunarkonan*. Textinn eftir Pétur Sigurðsson (1890–1972).

Ég man hana enn, hún var ung og fríð,  
sem engill í spítalans sölum.  
Þar eyddi hún kröftunum ár og síð,  
og alltaf var hún jafn rólynd og blíð,  
að draga úr kvíða og kvölum.

Að munni hins þjáða hún bikar bar,  
með brosi á ljúfum vörum.  
Þótt hrópuðu ýmsir hér og þar,  
og hversu annars þreytt sem hún var,  
hún alltaf var söm í svörum.

Er aðrir sváfu sat hún hljóð  
við sjúkrabeðinn og gætti,  
er hætta var mest og heitast blóð,  
hjúkraði þá mild og góð.  
Úr þjáningabölinu bætti.

Ekki þarf að koma á óvart að Sigvaldi Kaldalóns hafi samið lag við þetta ljóð. Eiginkona hans var hjúkrunarkona og móðir hans ljósmóðir og hann sjálfur læknir. Dr. Hallgrímur Helgason (1914–1994) hefur, í grein um Sigvalda, rætt um tvítengslin

(synthese) að vera í senn læknir og tónlistarmaður, „sem báðir láta gott af sér leiða, fegra og bæta heiminn, sefa þjáningar, hvort sem þær eru andlegs eða líkamlegs eðlis. Slíkur maður er velunnari, hvar sem hann fer, aufúsugestur, hvar sem hann kemur.“<sup>48</sup>

Þó að ekki séu beinar biblíuvísanir í textanum er margt sem tengir hann við kærleiksboðskap ritningar og kristni. Hjúkrunarkonunni er líkt við engil, bikarinn skapar sömuleiðis biblíuleg hugrenningatengsl (t.d. við Slm 23) og hjúkrunin sem bætir úr „þjáningabölinu“ tengist starfi Jesú sjálfs sem líknaði og læknaði „hvers kyns sjúkdóma og veikindi meðal fólksins“ (sbr. Matt 4.23–24). Einnig huggaði hann og hughreysti eins og raunar útleigðarspámaður Gamla testamentisins sem vitnað var til í upphafi þessarar greinar. Huggunarboðskapur var eitt megineinkenni hans (sbr. Jes 40.1) eins og hjá hjúkrunarkonunni rólyndu og blíðu sem alltaf var „að draga úr kvíða og kvöllum.“

Fjöll koma mjög við sögu í Biblíunni. Má þar fyrst nefna að Drottinn kunnngjörði sáttmála sinn á Sínaí fjalli, sem og boðorðin tíu (2Mós 19–20). Síonarhæð í Jerúsalem gegndi síðar stóru hlutverki í trúarlífi hinnar fornu Ísraelsþjóðar með nærveru musterisins og þeirra trúarhefða sem því voru tengd. Þá gefur einn kunnasti sálmur Saltarans, Slm 121, til kynna að það að hefja „augu sín til fjallanna“ sé eitt og hið sama og að hefja augu sín til Guðs. Loks er þess að minnast að kunnasta ræða Nýja testamentisins, og jafnframt ein kunnasta ræða allra tíma, var kennd við fjall, þ.e. fjallræða Jesú Krists (Matt 5–7).

Fjöll gegna líka umtalsverðu hlutverki í tónlist Sigvalda Kaldalóns enda hefur hann verið nefndur „náttúrunánasti tónlistarfulltrúi Íslands“.<sup>49</sup> Fjöllin í tónlist hans taka undantekningalítið á sig trúarlegan blæ eða að um þau er sungið í trúarlegu samhengi.

Á Grindavíkúrárum sínum samdi Sigvaldi lög við tvö ljóða Grétars Fells (1896–1968) þar sem fjöll og heiðar eru umfjöllunarefnið. Fyrsta erindið í ljóðinu *Heiðin há* er þannig:

Úr djúpum þínum rís dularþrá  
og draumarnir taka völdin,  
er brosir á móti þér heiðin há  
í helgiljóma á kvöldin.

Þriðja erindið er þannig:

Þar heyrirðu fluttan fleygan brag  
um fegurð og helga dóma.  
Þar sérðu brosa þinn bernskudag  
í blómskrúði og sólarljóma.

Í texta lagsins koma við sögu orðin helgiljómi og helgir dómar sem gefa því trúarlegt svipmót en einnig orðin „huldufólkssögur“ og „álfaborg“ í öðru erindinu. Allvíða má greina í ljóðum þeim sem Sigvaldi semur við að ekki virðist nein andstæða milli þeirrar kristnu trúar sem þar birtist og íslenskrar þjóðtrúar þar sem álfar og huldufólk kemur við sögu.

Í öðru ljóði Grétars Fells sem Sigvaldi samdi fallett og vinsælt lag við, þ.e. ljóðinu *Fjallið eina*, birtist þörf ljóðmælandans að leita á náðir náttúrunnar frá skarkala

<sup>48</sup> Hallgrímur Helgason, *Íslands lag*, bls. 54.

<sup>49</sup> Sama heimild, bls. 67.

heimsins. Slíka þörf hefur ekki síst trúað fólk á öllum tímum fundið og oft gerst einbúar, leitað út í óbyggðirnar eða gengið í klaustur. Í Davíðssálmi 55.7 er t.d. að finna þessi orð: „Ó, að ég hefði vængi eins og dúfan þá myndi ég fljúga burt og finna hvíldarstað.“

Fyrsta erindi *Fjallsins eina* er þannig:

Leita ég afdreps um sléttunnar slóð;  
sléttunnar engu leyna.  
Ég þarf að fela mig fyrir þjóð,  
finna mig sjálfan og yrkja ljóð,  
minnast við mold og steina.

Í þriðja erindi er þessi játning borin fram við fjallið:

Þú ert mín kirkja og himinsins hlið.

Fjórða og síðasta erindið er þannig:

Þegar ég hungraður bið um brauð,  
býður mér heimurinn steina.  
Hjá þér ég finn minn falda auð,  
fegurstu blómin, sem ég hugði dauð,  
fjallið mitt, fjallið eina.

Fyrstu ljóðlínurnar tvær vísa augljóslega til orðanna „Eða hver er sá maður meðal yðar sem gefur barni sínu stein er það biður um brauð?“ Orðin er að finna í fjallræðu Jesú Krists (Matt 7.9) og fer vel á því að ljóð um „Fjallið eina“ skuli leita fanga í fjallræðunni frægu.

Loks skal hér nefnt til sögunnar það fjallalag Sigvalda sem þekktast er og sérhver hetjutenór spreytir sig á, þ.e. *Hamraborgin* við ljóð Davíðs Stefánssonar (1895–1964).

Tvö fyrstu erindin eru þannig:

Hamraborgin  
rís há og fögur  
og minnir á ástir  
og álfasögur.  
Á hamarinn bláa  
og bergið háa  
sló bjarma lengi.  
Þar er sungið  
á silfurstrengi.

Og meðan djáknar  
til messu hringja,  
opnast bergið  
og álfar syngja.  
Strengir titra,  
og steinar glitra  
í stjörnusalum.  
Friður ríkir  
í fjallasalum.

*Hamraborgin* veitir ekki síst innsýn í hulduheima og álfaveröld en þar koma einnig við sögu djáknar sem hringja til messu. Ekki fer heldur hjá því að þetta kunna ljóð Davíðs Stefánssonar skapi ákveðin hugrenningatengsl við þekktasta fjall Biblíunnar, þ.e. Sínaí. Þegar greint er frá opinberun Drottins þar (2Mós 19) í eldi og sáttmálgjörð samfara þrumum og eldingum og fjallið leikur á reiðiskjálfi er sitthvað sem auðveldlega kallast á við texta Hamraborgarinnar. Þar slær bjarma á bergið sem opnast og „strengir titra og steinar glitra.“ Hér er því ekki haldið fram að þarna sé um bein textatengsl að ræða en mikið gengur á í báðum tilfellum og orðfærið er með þeim hætti á báðum stöðum að hugrenningatengsl skapast. Þannig má þarna, eins og víðar í sönglagatextum Sigvalda, skynja ákveðin tengsl milli biblíulegrar trúar og íslenskrar þjóðtrúar.

Sigvaldi var í vinfengi við marga presta, auk þess prests sem þegar hefur verið nefndur, þ.e. Bjarna Jónssonar dómkirkjuprests (1881–1965), sem raunar bauð honum stöðu dómorganista er hann starfaði sem læknir í Ísafjarðardjúpi. Það hefur verið freistandi tilboð fyrir Sigvalda en eftir nokkra umhugsun og samráð við konu sína ákvað hann að þiggja ekki það góða boð heldur dvelja áfram við Ísafjarðardjúpið sem svo mjög heillaði hann með náttúrufegurð sinni. Náin samvinna hans og sr. Sigurðar Einarssonar á Flateyjarárunum sýndi líka mikla hollustu Sigvalda við kirkjuna. Þar lék hann reglulega við guðspjónustur og hefur því verið mjög handgenginn sálmalögum og helgihaldi kirkjunnar. Hið sama má segja um samband hans og sr. Brynjólfs Magnússonar (1881–1947) á Grindavíkurárunum. Hann eignaðist líka vináttu sr. Sigurgeirs Sigurðssonar (1890–1953), prests á Ísafirði, síðar biskups.

Lotning fyrir undrum sköpunarverksins, tilbeiðsla og bænarpörf voru ríkir þættir í eðli hans og líknarstarf hans var svo sannarlega í anda kristinnar kærleikspjónustu. Hann og Eggert bróðir hans áttu, auk tónlistarinnar, sameiginlega Guðstrú, nátengda náttúrulegri hrifnæmi, og lotningu andspænis sköpuninni.

Ljóðið *Sólardagur* eftir Jochum Eggertsson (1896–1966) er dæmi um slíkan texta eins og fyrsta erindið sýnir vel:

Gluggarnir opnir hjá guði í dag,  
glitskrúðið jörðina vefur.  
Auðnirnar boða yndi, hag,  
eilífd í æskunni sefur.  
Allt er á flugi og leikur sitt lag,  
í ljósinu dauðann grefur.

Til að undirstrika fjölbreytnina í hinum trúarlegu textum sem Sigvaldi notaði í tónlist sinni skal minnt á að hann samdi lagið *Á föstudaginn langa* við texta Davíðs Stefánssonar og *Alfaðir ræður* eftir Sigurð Eggerz en um þau ljóð og lög bæði var fjallað allitarlega fyrir í þessari ritsmíð.

Mínna má að bræðurnir Eggert og Sigvaldi sóttu báðir sem unglingar og ungir menn samkomur í KFUM og hafa orðið fyrir trúarlegum áhrifum þar. Hin trúarlegu áhrif áttu sér þó enn dýpri rætur, þ.e. í foreldrahúsunum sjálfum þar sem trúin hélst einmitt í hendur við tónlist, einkum hjá Sesselju móður þeirra.

*Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu  
að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu?*

Þannig sagði í Jesajabók Gamla testamentisins í texta (Jes 49.15) sem vitnað var til í upphafi þessarar greinar. Þau orð notaði Sesselja Sigvaldadóttir á póstkorti til hins þjóðkunna sonar síns, læknisins og tónskáldsins Sigvalda Kaldalóns. Kortið er fallegur vitnisburður um trúarlegt og menningarlegt uppeldi, en jafnframt vísbending um hve íslensk menning hefur gegnum aldirnar sótt mikið til Heilagrar ritningar.

## Niðurstöður

Textaval í lögum Sigvalda Kaldalóns er afar fjölbreytilegt. Íslensk náttúra kemur þar mikið við sögu. Mörg þekktustu sönglög hans urðu til á læknisferðum við Ísafjarðardjúp. Starfsævi hans var einkum bundin þremur stöðum: Ísafjarðardjúpi, Flatey og Grindavík. Alls staðar setti hann sterkan svip á samfélag þessara byggðarlaga og samdi lög sem um ókomna tíð munu tengd þeim stöðum. Oft kemur trúarlegt orðalag við sögu í þeim textum sem hann samdi lög við. Vitaskuld er það þó alls ekki svo að allir textarnir sem hann semur við séu á trúarlegum nótum. Hinum trúarlega þætti í lögum Sigvalda, ef jólalögin eru undanskilin, hefur þó yfirleitt ekki verið mikill gaumur gefinn og því var full ástæða til að taka þann þátt til skoðunar, eins og hér hefur verið gert.

Það lag sem Sigvaldi, þrátt fyrir alla sína hógværð, sagði vini sínum að myndi sóma sér sem þjóðsöngur, þ.e. *Ísland ögrum skorid*, er í senn lofgjörð hans til landsins og skaparans. Og sannarlega hefur það lag reglulega verið sungið við mörg hátíðlegustu tækifæri í sögu þjóðarinnar og ýmsir talað um það eins og þjóðsöngur væri.

Í greininni er sú skoðun látin í ljós, sem hefur reyndar áður heyrst, að það hafi ekki síst verið náttúrufegurðin við Djúp sem laðaði fram þá tónlistarhæfileika sem bjuggu í hjarta læknisins unga. Tónelskir foreldrar hafa örugglega haft mikið að segja og uppvöxtur í návist tónlistar og trúar, því að Sesselja móðir tónskáldsins fór ekki dult með trú sína og ljóst er að bræðurnir voru aldri upp í þeirri kristnu trú. Fundir í KFUM hafa ekki heldur dregið þar úr.

Þegar dregin skulu saman hin trúarlegu einkenni sem birtast í sönglögum Sigvalda, virðist mér eftirfarandi standa upp úr: Lotning fyrir opinberun Guðs í náttúrunni og sköpunarverkinu, fjöll og trú, áhersla á hina sístæðu sköpun og endurnýjun sem birtist ekki síst í hinum fjölmörgu söngvum um vorið.<sup>50</sup> Þar má ennfrémur nefna Mariúbænir, tilbeiðslu og helgi, kærleiksboðskap og samúð með smælingjum. Þá má víða sjá að tónskáldið er ófeimið við að nota söngtexta þar sem hefðbundin kristin trúarstef standa við hlið huldu- og álfaheima úr íslenskri þjóðtrú. Síðast en ekki síst leggur tónskáldið mikla áherslu á fæðingarhátíð frelsarans, jólin, sem mörg hin afar fallegu jólalög sem Sigvaldi samdi bera vitni um.

<sup>50</sup> „Grunntónn hans er vorhugur“, skrifaði Hallgrímur Helgason, *Íslands lag*, bls. 70.